



Yfirlýsing stjórnar Síldarvinnslunnar

Varðandi grænt bókhald fyrir árið 2021

Hjálagt fylgir skýrsla Síldarvinnslunnar um grænt bókhald fyrir árið 2021. Í skýrslunni eru gefnar upp lykiltölur varðandi fiskimjölsverksmiðjur fyrirtækisins í Neskaupstað og á Seyðisfirði.

Nokkur aukning varð í móttöku hráefnis til verksmiðjanna á sl ári. Samanlögð móttaka hráefnis á árinu var 141.229 tonn á móti 123.669 tonnum árið 2020 sem er liðlega 14% aukning milli ára.

Munurinn milli árana 2020 og 2021 skýrist að mestu af því að þrátt fyrir verulegan samdrátt í kolmunnaaflanum til verksmiðjanna, sem nam um 23 þús tonnum, þá kom loðnan inn í meira magni en sem því nemur eða aukning upp á 31 þúsund tonn og hráefni úr makríl- og síldarafskurði jókst um 10 þúsund tonn á milli ára.

Orkulega séð var árið mikil vonbrigði fyrir fiskimjölsiðnaðinn og fór fyrirtækið ekki varhluta af því. Rafmagnsmálin tóku djúpa dýfu vegna hinnar miklu raforkuskerðingar sem fól um leið í sér mikla aukningu í olíunotkun verksmiðjanna. Samfara henni var mikil aukning í útblæstri koltvísýrings og nokkur í brennisteins-díoxíði en fyrirtækið hefur verið stolt af geysilegum samdrætti í losun þessara efnasambanda undanfarin ár. Þannig jókst losun koltvísýrings þrefalt og brennisteindíoxíðs um 17,5%.

Síldarvinnslan hefur markað sér ákveðna umhverfisstefnu sem lýst er í gæðahandbókum verksmiðjanna sbr. **Umhverfisstefnu Síldarvinnslunnar**

Nánari skýringar varðandi hið græna bókhald fyrirtækisins er að finna í yfirliti fyrir hvora verksmiðju ásamt viðauka sem hér fylgir ásamt staðfestingu endurskoðanda.

Stjórn Síldarvinnslunnar staðfestir hér með að þær lykiltölur sem birtar eru í grænu bókhaldi fyrirtækisins fyrir árið 2021 eru réttar og tekur ábyrgð á þeim eins og þær koma fram.

Neskaupstað mars 2022

Þorsteinn Már Baldvinsson

Guðmundur Rafnkell Gíslason

Baldur Már Helgason

Anna Guðmundsdóttir

Björk Þórarinsdóttir